

## Skýrsla kjaranefndar Ljósmeðrafélags Íslands.

Í kjaranefnd sat Jónína Birgisdóttir formaður nefndarinnar, Esther Ármannsdóttir formaður LMFÍ, Guðrún Fema Ágústsdóttir, Guðrún Kormáksdóttir og Ragnheiður Bachman. Jónína tók við deildarstjórarstarfi og varð því að segja af sér síðasta sumar. Björg Sigurðardóttir tók við formannsstarfinu.

Síðastliðið vor fóru fram kjaraviðræður við ríkið. LMFÍ var í samfloti með öðrum aðildarfélögum BHM fyrir utan félag lögfræðinga. Aðildarfélögin unnu að sameiginlegri kröfugerð fyrir kjaraviðræðurnar. Alls voru haldnir 14 kjarafundir sem stóðu yfir frá 18. apríl til 9.júní og sat formaður kjaranefndar og formaður Ljósmeðrafélagsins alls um 49 klukkustundir á fundum. Kjarasamningur var kynntur fyrir félagsmönnum 9. júní og var kjarasamningur samþykktur en þátttaka í kosningu var frekar dræm. Samið var um svipaðar hækkanir og önnur félög gerðu. Fyrir utan þessar hækkanir náðist að semja um réttindi til námsleyfa og breyta greiðslum fyrir kaffitíma úr 15 mín í 25 mín í yfirvinnu fyrir alla.

Einnig fór fram kjaraviðræður við sveitarfélögin en þeir samningar voru í svipuðum dúr og samningar við ríkið. Stofnanasamningar eru lausir en hafa ekki víða verið opnaðir en formaður LMFÍ situr mánaðarlega fundi með aðildarfélögum innan BHM sem eiga starfsmenn á LSH. Formaður situr einnig í nefnd innan BHM vegna bókkunar 1 í kjarasamningi við ríkið. Þar er m.a verið að gera úttekt á gerð stofnannasamninga við ríkið. Felst hluti af vinnunni í því að að greina stofnannasamningana . Það er að segja reyna að finna út á einfaldan hátt hverjir fá hækkun fyrir hvað og hve mikla hækkun. Markmið Ljósmeðrafélagsins er að virkja trúnaðarmenn á hverjum stað til að fara yfir samningana og túlka þá ekki síst vegna þess að þær vinna eftir þeim og þekkja, en flestir samninganna eru flóknir og ógegnsæir og erfitt fyrir þá sem lítið þekkja þá að túlka hvern og einn. Þess vegna var sett ný grein í breytingartillögur við lög Ljósmeðrafélagsins sem hér verða borin upp til atkvæða sem varðar trúnaðarmenn og stofnun trúnaðarmannaráðs sem yrði þá ráðgefandi fyrir stjórn í stórum málum ekki síst kjaramálum.

F.h Kjaranefndar

Jónína Birgisdóttir ,

Esther Ósk Ármannsdóttir,

Björg Sigurðardóttir